



Birgir Kjaran

Nokkrar hugleiðingar um skýrslugerð

I.

Gizur biskup Ísleifsson mun hafa verið fyrst-um áhugamanna um talnafræði (Statistik) á Íslandi. Hann lét um aldamótin 1100 telja alla þá bændur í landinu, er þingfararkaup áttu að greiða. Um þetta getur Ari fróði. Manntalsútreikningar í sambandi við bændatal Gizurar biskups munu þó, eins og manntal Ágústusar keisara, frekar vera sögulega athyglisverðir en talnafræðilega ábyggilegir.

Öðru máli gegnir um manntal það, er þeir Árni Magnússon og Páll Vídalín framkvæmdu hér á landi árið 1703. Á manntal þeirra Árna og Páls hafa margir erlendir talnafræðingar lokið lofsorði, eins og t. d. enski talnafræðingurinn Carr-Saunders, sem álitur þetta manntal eitt hið fyrsta ábyggilega manntal í Evrópu (Carr-Saunders: Population, bls. 6.).

Enn einn brautryðjandinn á sviði skýrslugerðar á Íslandi var Hannes biskup Finnsson, sem safnaði all-nákvæmum skýrslum um fæðingar og dauðsföll í biskupsdæmi sínu. Hin víðkunna ritgerð hans um barnadauðann á Íslandi (Tímarit Lærdómslistafélagsins, V. bindi) er einmitt byggð á hluta af þessum skýrslum.

En þetta voru aðeins einstakir fyrirrennarar.

Skriður komst fyrst á mál þetta, eins og fleiri framfaramál, fyrir atbeina Jóns Sigurðssonar. Hann beitti sér einarðlega fyrir því, að Bókmenntafélagið gæfi út „Skýrslur um Landshagi á Íslandi“. Fyrsta bindi þeirra kom út í Kaupmannahöfn árið 1858. Jón Sigurðsson reit formála ritsins og komst þar, sem oftast, svo spaklega að orði, að rétt þykir að endurtaka hér nokkur ummæla hans um tilgang skýrslunnar: „Sá bóndi mundi harla ófróður þykja um sinn eigin hag, og lítill búmaður, sem ekki vissi tölu hjúa sinna eða heimilisfólks, eða kynni tölu á, hversu margt hann ætti gangandi fjár. En svo má og hver sá þykja harla ófróður um landsins

hag, sem ekki þekkir nákvæmlega fólkstölu á landinu, eða skipting hennar, eða tölu gangandi fjár, eða sérhverja grein á atvinnu landsmanna. Í fáum orðum að segja ásigkomulag landsins, eða sem vér köllum hagfræði þess, í öllum greinum sem glöggvast og nákvæmlegast, hann getur ekki með neinni greind talað um landsins gagn og nauðsynjar; hann veit ekkert, nema af ágizkun, hvort landinu fer fram eða aftur; hann getur ekki dæmt um neinar uppástungur annarra í hinum merkilegustu málum, né stungið sjálfur upp á neinu, nema eptir ágizkun; hann getur ekki dæmt um neinar afleiðingar viðburðanna, sem snerta landsins hag, nema fetir ágizkun. En þessar ágizkanir eru svo óvissar í alla staði, og óáreiðanlegar, að menn mega heita að vaða í villu og svíma fyrir þær“. Þessi snjöllu ummæli þurfa engrar nánari skýringar.

Landshagsskýrslurnar áttu að bæta jafnt úr vanþekkingu leiðandi manna sem alþýðunnar á Íslands um ásigkomulag landsins og afkomu þjóðarinnar. Hér var um brautryðjendastarf að ræða. Leiðin var torsótt, en takmarkið var rétt, þótt aðeins sæist hylla undir það í fjarska.

II.

Það er nú vafalaust óþarfi að vitna í ummæli Jóns Sigurðssonar og annarra afburðamanna liðinna alda til að sannfæra íslenzka alþýðu á 20. öldinni um ágæti skýrslugerðar, því að svo gjörsamlega hafa viðhorfin breytzt. Marga þá hluti, sem einstaka djarfhuga framfaramenn álitu, fyrir 100 árum, æskilega og til stórbóta fyrir þjóðina, álitur almenningur nú sjálfsagða og lítur á þá með lokuðum augum hins hversdagslega tómletis.

Slík hafa orðið örlög baráttunnar fyrir bættu skýrslugerð.

Eftir að hið merkilega spor var stigið með stofnun Hagstofu Íslands, komst söfnun og samning skýrslna í landinu á fastan kjöl. Almennir fékk þá í hendurnar all sémilegar skýrslur um árlega verzlun þjóðarinnar við útlönd, um afkomu landbúnaðarins og sjávarútvegsins, um mannfjöldann í landinu, um Alþingiskosningarnar o. fl. Flestar þessar skýrslur hafa komið út í áframhaldi síðan árið 1912. Auk þessa hefir Hagstofan gefið út Hagtiðindin, sem að nokkru leyti fjalla um sama efni og Hagskýrslurnar, því að í Hagtiðindunum birtast bráðabirgðaniðurstöður um ýms þau efni, sem Hagskýrslurnar síðar gera ítarlegri skil. Einnig hefir Hagstofan sent frá sér nokkrar skýrslur, sem hún hefir safnað af sérstökum sviðum þjóðlífsins, svo sem skýrslur um „Íslensk mannanöfn“, „Barnafræðslu“, Sparisjóði“ o. fl. Og að lokum gaf Hagstofan árið 1931 út hina mjög þörfu Árbók sína.

Öll verður þessi skýrslusöfnun og útgáfustarfsemi Hagstofunnar að teljast mæta góð. En mikill ljóður er þó enn á ráði stofnunarinnar. Hann er tvíþættur. — Í fyrsta lagi koma allar skýrslurnar of seint út, og í öðru lagi eru þær of fábreyttar, þ. e. a. s. of sjaldan er ráðizt í rannsókn á sérstökum sviðum eða viðfangsefnum þjóðarbúarkapsins.

Ég ætla að víkja nánar að báðum þessum atriðum. Hvað fyrri atriðið snertir, seinlætið í birtingu skýrslanna, þá er það alkunnugt, að Hagskýrslurnar eru jafnan tveim árum á eftir tímanum. Nýjustu Hagskýrslurnar, sem við nú í lok ársins 1939 höfum í höndunum, eru fyrir árið 1937. Öllum, sem einhver kynni hafa af þessum efnum, hlýtur að vera ljóst, hversu miklu notarýrri skýrslurnar hljóta að verða fyrir þessa töf, sem er á út komu þeirra. Tökum til dæmis Verzlunarskýrslurnar, sem munu vera þær skýrslur, sem almennt eru mest notaðar, því að þær eru einasta handbókin um verzlun þjóðarinnar við útlönd. Ef einhver er nú svo óheppinn að þarfnast vitneskju um innflutningsmagn eða verðmæti einherrar vörutegundar árið 1938, þá getur hann ekki eins og vaninn er, í síðmenntuðum löndum, sótt þennan fróðleik beint í síðustu Verzlunarskýrslur, því að nýjustu Verzlunarskýrslur, sem út hafa komið á Íslandi, eru fyrir árið 1937!

Þetta er ófremdarástand, sem úr verður að bæta.

Þá er rétt að víkja nokkrum orðum að seinna atriðinu, rannsókn á sérstökum þáttum og viðfangsefnum þjóðarbúskaparins. Erlendis er það alsíða, að hagstofur ríkisins taki sér fyrir hendur rannsókn ýmsra viðfangsefna, sem ofarlega eru á baugi á hverjum tíma og gefi síðan út niðurstöðu rannsóknanna. Hagstofa Íslands hefir sjaldan beitt sér fyrir slíkum rannsóknum, allt of sjaldan. Ærið nóg ætti þó að vera um verkefni, á meðan undirstöðuútreikningar, eins og ákvörðun þjóðarauðsins, útreikningur árlegra þjóðartekna, greiðslujafnaðarins, framleiðsluvísitölur o. fl., hafa enn ekki verið inntir af hendi.

Árið 1931 gaf Hagstofan út Árbók sína, handhægan údrátt úr flestum þeim skýrslum, sem safnað hafði verið á umliðnum árum. Árbókin átti að vera almenníngi yfirlitsskver íslensks þjóðarbúskapar. Í formála bókarrinnar stendur: „Sennilega verður rit þetta talið svo þarflegt, að ástæða þykir til að endurnýja það við og

við, þótt ef til vill þygi ekki taka því að gera árlega fyrsta kastið“. Bókin reyndist að vonum hin þarflegasta, og búizt var við, að hún yrði endurnýjuð að minnsta kosti á fimm ára fresti. En því miður hefir annað orðið uppi á teningnum, því að senn er liðinn áratugur frá útkomu Árbókarinnar, og þó bólar ekki enn á neinu framhaldi.

Hér hefir verið stiklað á stærstu steinunum og aðeins drepíð á nokkrar meginmisfellur í fari útgáfustarfsemi Hagstofunnar. Ég vil þá um leið nota tækifærið til að taka það fram, að ég tel ólíklegt, að kenna megi forstöðumönnum Hagstofunnar um þessar misfellur. Öðru nær; þeim munu vera þessir vankantarnir þeim mun ljósari sem þeir eru þessum málum kunnugri en aðrir menn. Orsakanna ber að leita annarsstaðar: til naglskorinna fjárráða og ónógs starfsmannaliðs.

Íslendinga skortir mjög á að hafa glögga heildarsýn yfir þjóðarbúskap sinn. Samt veita þeir hagstofu sinni verri aðbúnað og hlutfallslega smásmugulegri fjártillög en aðrar þjóðir. Í þessu sambandi má t. d. geta þess, hver viðurgerningur Þjóðverja er við aðalhogstofu þýzka ríkisins. Þar vinna um 4000 starfsmenn, sem starfa að 250 mismunandi heildarskýrslum. Auk þessa eru í landinu ótölulegur aragrúi af hagstofum á vegum bæjarfélaga og einkafyrirtækja. Árlegur kostnaður við þær hagstofur, sem eru á vegum ríkis eða bæjarfélaga í Þýzkalandi, er áætlaður um 30 milljónir Ríkismarkar. Myndi það svara til þess, að hvert mannsbarn í landinu greiddi árlega til þýzka ríkisins um 1,00 ísl. kr. (reiknað með núverandi gengi á RM.), til þess að standa straum af hagstofum sínum. Í Þýzkalandi er kostnaðurinn um 100% hærri, því hvert mannsbarn þarf hér á landi aðeins að greiða 0,55 ísl. kr. til þess að halda Hagstofunni við líði.

Þetta eru óeðlileg hlutföll, jafnvel þótt við séum hvað höfðatölu snertir ekki nema krírlíki. Ósjálfrátt finnst manni það að minnsta kosti trúlegt, að á sama tíma sem Reykjavíkurbær megnar að eyða 60.000 krónum árlega til snjómoksturs á götum bæjarins, þá ætti ríkið að hafa efni á að eyða 120.000 kr. til þess að varða þjóðbraut atvinnulífsins með þeim talnafræðilegum niðurstöðum, sem nauðsynlegastar eru.

III.

Hafi Hagstofan aðeins á mjög takmarkaðan hátt getað unnið að skýrslusöfnun og rannsókn á sérstökum viðfangsefnum þjóðarbúskaparins, þá hafa verið gerðar nokkrar tilraunir í þessa átt af hendi annarrar stofunar. Alþingi hefir aðallega beitt sér fyrir þessum rannsóknum með því að fela hinum ýmsu Millíþinganeftndum ákveðin hagræn viðfangsefni.

Nefndaskipun þessi mun hafa tíðkapt lengst af síðan Alþingi var endurvakið, en fyrst eftir að Alþingi hafði tekið fjármálin í sínar hendur (1875), taka nefndir þessar til muna að fást við verkefni varðandi þjóðarbúskapinn. Til fróðleiks hefi ég tekið saman nokkrar af þeim helztu rannsóknarneftndum, er um hagræn mál hafa fjallað síðan um aldamótin:

Framhald á bls. 31.

verið í lögum, er ekki umræðu verð. Hún er algerlega heimaíðnaður hans sjálfs. Nær hefði verið fyrir J. B. að gera tilraun til þess að hnekkja rökum mínum fyrir því, að verðtollurinn muni lækka á næsta ári. En rök mín voru þau, að vegna gjaldeyrisvandráða sem nú eru, og ekki þarf um að deila, muni verða að hefta mjög innflutning ýmsra þeirra vöruflokka, sem hæstur verðtollur er á.

Mér er það alveg ljóst, að örðugt er að áætla tekjur á styrjaldartímum ekki síður en gjöldin. Reynslan frá styrjaldarárunum 1914—1918 gefur þó örugga vissu um það, að sumir tekjuliðirnir muni lækka. Þar á móti er að sönnu einn tekjuliður, sem mjög miklar líkur eru til að hækki, þótt fyrir því sé engin vissa. Það er útflutningsgjaldið.

En það góða skaðar ekki.

Ef svo gæfusamlega tækist til, að tekjurnar færu meira fram úr áætlun en gjöldin, eru nægjar skuldir, lausar og fastar, til þess að kasta þeim umframtekjum í.

Ágreiningurinn í þessu máli er enn sá sami og hann hefir lengi verið milli Sjálfstæðismanna og sósíalista. Hann er sá, hvort heldur eigi að lækka útgjöld ríkisins, eða leggja nýjar álögur á þjóðina. Sósíalistar hafa sigrað á Alþingi undanfarin ár í þessum málum, með þeim árangri, að nú er vá fyrir hvers manns dyrum í þjóðfélaginu. En nú eru verulegar líkur fyrir því, að stefna Sjálfstæðismanna sigri. Getur þá svo farið, að sósíalistar verði að lokum að horfa upp á það, að ríkið komist úr skuldakengnum, og alþýðan úr sultarkengnum.

Sigurður Kristjánsson.

Skýrslugerð frh. af bls. 13

Millipinganeftnd í fátækramálum	1901
— í skattamálum	1907
— til athugunar á fjármálum landsins	1911
-- um eftirlit og launamál	1914
Fossaneftndin	1917
Millipinganeftnd í bankamálum	1925
Ríkisgjaldaneftndin ..	1927
Millipinganeftnd í launamálum	1933
— í sjávarútvegsmálum	1933
Skipulagsneftnd atvinnumála	1934
Vinnulöggjafarneftndin	1937
Millipinganeftnd í bankamálum	1937
— til rannsóknar á hag togaraútgerðarinnar ..	1938
— í skatta- og tollamálum	1938

Ef öll þessi nefndastarfsemi og meðfylgjandi skýrslusöfnun er nánar krufin til mergjar og borin saman við störf Hagstofu Íslands, kemur skjótt í ljós ákveðinn

meginmunur: til nefndanna hafa fjártillög oftast verið mjög rifleg, en til Hagstofunnar raunalega kotungsleg; Hagstofan hefir jafnan birt skýrslur sínar almenningi til gagns og fróðleiks, en aðeins fáir útvaldir hafa átt greiðan aðgang að flestum skýrslum millipinganeftndanna, því að þær hafa venjulega ekki verið til sölu í bókaverzlunum, og með sumar hefir verið farið svo laumulega, að þær hafa ekki einu sinni komið út á prenti, til þess að loku væri fyrir það skotið, að sá fróðleikur, sem þær hefðu að geyma, kæmist á vergang (sbr. II. hefti af Áliti skipulagsneftndar í atvinnumálum); og að lokum er rétt að geta þess, að fyrir Hagstofunni og skýrslusöfnun hennar standa faglærðir hagfræðingar, en í þeim 14 nefndum, sem áður eru taldar og um 65 menn munu hafa tekið þátt í, hafa aðeins þrír hagfræðingar átt sæti. Af þeim gekk einn úr nefnd sinni, en annar var skipaður vegna láts eins nefndarmanns!

Auðvitað eru skýrslusafnanir og álit hinna ýmsu millipinganeftnda jafn misjöfn að gæðum og hæfileikar, þekking og samvirkusemi nefndarmanna hafa verið mismunandi. En að því slepptu verður þó að teljast mjög líklegt, að heldur hefðu störf nefnda, sem um fjárhagsmál fjalla, verið affarasælli, ef faglærðir hagfræðingar hefðu einnig átt sæti í þeim, þegar þess var kostur. Verður það því að teljast sjálfsögð krafa í framtíðinni, ef verja á fúlgum fjár til starfsemi millipinganeftnda, að í skipun þeirra nefnda, sem um hagræn vandamál fjalla, verði ekki hagfræðileg fagþekking virt að vettugi eins og tíðkæzt hefir fram til þessa. Sömuleiðis væri sú nýbreytni til bóta, að öll álit millipinganeftnda yrðu höfð til sölu í bókaverzlunum, svo almennigur geti orðið fróðleiks þeirra aðnjótandi.

IV.

Ég vil að lokum herða nokkrar niðurstöður úr undanfarandi hugleiðingadeiglu:

Íslenzku þjóðinni er nauðsynlegt að auka þekkingu sína á eðli þjóðarbúskaparins og lögmálum. Þessu er hægt að áorka með mörgu móti, en allt ber þó að einum brunni, skýrslugerð og talnafræðilegum rannsóknum.

Það eru vafalaust skiptar skoðanir um það, með hvaða hætti hinar hagrænu rannsóknir yrðu bezt framkvæmdar. Breytinga- og kostnaðarminnst er þó vafalaust, eins og sakir standa, að auka fjártillög til Hagstofu Íslands. Hagstofan ætti þá að geta gefið hinar föstu skýrslur sínar út fyrir og fyllri, og auk þess yrði hægt að taka upp sérrannsóknir á ýmsum vandamálum íslenzks atvinnu- og fjármálalífs.

Birgir Kjarnan.

Hvað kostar stríðið?

Samkvæmt enskum skýrslum kostaði styrjöldin Englendinga fyrstu vikurnar um 3¼ millj. punda á dag. Þar með er ekki talin vaxtahækkun ríkisskuldanna, sem eykst um 2 millj. sterl.p. á dag. Eftir því kostar stríðið Englendinga um 5¼ millj. punda á dag. Í síðasta stríði komst herkostnaðurinn allt upp í 7¼ millj. punda á dag.